REGLUGERÐ

um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um boðtæki, sem notuð eru fyrir móttöku á merkjum í hinu almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar. Boðkerfið er starfrækt á tíðninni 468,975 MHz og fyrst um sinn eru leyfð tvenns konar boðtæki, tónboðtæki og talnaboðtæki.

2. gr.

Boðtæki skulu hafa viðurkenningu radíóeftirlits Póst- og símamálastofnunar um að þau séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Um boðtæki skulu einnig gilda ákvæði reglugerðar um rekstur radíóstöðva nr. 493/1988.

Boðtæki, sem hlotið hafa viðurkenningu á hinum Norðurlöndunum til notkunar í sams konar boðkerfi og Póst- og símamálastofnun starfrækir, skulu viðurkennd án prófunar að uppfylltum ákvæðum 9. og 10. greinar reglugerðar um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi nr. 322/1985.

Viðurkenning annarra boðtækja verður veitt til bráðabirgða, þegar fyrir liggur yfirlýsing framleiðanda og innflytjanda um að boðtækið sé að öllu leyti í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Með yfirlýsingunni skulu fylgja tæknilýsing, tengingateikning og notkunarreglur fyrir boðtækið. Radíóeftirlitið getur kallað boðtæki, sem fengið hefur viðurkenningu til bráðabirgða til prófunar leiki vafi á því að það uppfylli kröfurnar að öllu leyti.

Ef framleiðandi og innflytjandi geta ekki lagt fram afdráttarlausa yfirlýsingu um að boðtæki uppfylli settar kröfur en óska engu að síður eftir viðurkenningu þess skulu gilda ákvæði 9. greinar í reglugerð nr. 322/1985 með þeim fyrirvara að kerfisprófun getur ekki átt sér stað fyrr en eftir gangsetningu boðkerfisins.

3. gr.

Boðtæki fyrir boðkerfið skulu merkt nafni framleiðanda ásamt tegundarheiti og raðnúmeri.

4. gr.

Almennir eiginleikar boðtækja skulu vera sem hér segir:

4.1. Móttaka skal vera gerð fyrir flutningshraðann 512 bitar/s með mesta fráviki +/- einn hundraðþúsundasta hraðans.

4.2 Móttaka á að geta farið fram á sendingum með beinni tíðnihliðrunarmótun án endursetningar á núlli (Direct FSK non-return-to-zero). Hliðrunin er 4,5 KHz en bandbreidd sendirásar 25 KHz. Notuð er tíðnihliðrun upp á við til að tákna tvenndartöluna "0" og niður á við til að tákna tvenndartöluna "1". Tíðnistöðugleiki senda verður innan við 200 Hz.

4.3 Boðtækið skal geta ráðið kóða, sem er í samræmi við CCIR (Comite Consultatif International des Radiocommunications) RPC-1 og vísast til CCIR tilmæla nr. 584, sem skulu liggja frammi hjá Póst- og símamálastofnun.

4.4 Þegar sent er vistfang ásamt aðgerðarkóða með mismunandi tónaferli skal boðtækið geta svarað með ferns konar hljóðmerki. Nánari upplýsingar um tónaferli verða veittar af tæknideild Póst- og símamálastofnunar.

4.5 Styrkur hljóðmerkis frá boðtækinu, sem gefur til kynna móttöku rétts vistfangs, skal vera milli 75 og 90 dB, þó helst ekki hærra en 85 dB miðað við SPL í 30 cm fjarlægð. Hljóðmerkið skal ekki standa lengur en 8 sekúndur. Leyfilegt er að búa boðtæki rofa til að slökkva á hljóðmerkinu. Einnig er heimilt að nota viðvörun í öðru formi en hljóðmerki.

4.6 Á skjá talnaboðtækis á að vera hægt að koma fyrir a.m.k. 10 táknum í einu og það á að vera mögulegt að taka við og sýna skilaboð, sem eru 12 tákn að lengd. Í talnaboðtækinu á að vera hægt að geyma a.m.k. tvö skilaboð t.d. tvö skilaboð 12 tákna löng.

4.7 Mælt er með því að boðtækið sé búið ljósi, sem sýnir að það er utan þjónustusvæða sendanna.

4.8 Forritun boðtækja skal eingöngu vera hægt að framkvæma með kóðatengi eða sérstöku forritunartæki.

4.9 Minnsti endingartími rafhlaðna, sem ekki er hægt að endurhlaða, skal vera 400 klukkustundir.

5. gr.

Kröfum um tæknilega eiginleika boðtækjanna er lýst í viðauka. Við prófanir er gerður greinarmunur á tvenns konar umhverfi. Venjulegt prófunarumhverfi hefur hitastig frá 15 til 35 gráður á Celsíus og rakastig frá 20% upp í 75%, í jaðarprófunarumhverfi er hitastig frá -10 upp í 55 gráður á Celsíus, en lægsta og hæsta rakastig hið sama og áður. Upplýsingar um mæliaðferðir skulu liggja frammi hjá Póst- og símamálastofnun.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum um fjarskipti.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. september 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Viðauki

Tæknikröfur til boðtækja.

	Venjulegt umhverfi	Jaðarumhverfi
1. Næmni (dB/míkróvolt/m)	23	29
2. Truflanavernd á samrás	6 dB	
Sama en mælt með 800 míkrósek. seinkun á truflandi merki	3 dB	
3. Truflanavernd á grannrás	60 dB	50 dB
4. Almenn truflanavernd	50 dB	
5. Spegiltíðnideyfing	50 dB	
6. Millimótunardeyfing	50 dB	
7. Óæskileg geislun		
a) 100 KHz til 1 GHz	2 nW	
b) 1–4 GHz	20 nW	

Gildin í lið 3–7 skulu mælast við merkisstyrk, sem er 26 dB hærri en 1 míkróvolt/m.